

26. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskagahaldinn 27. nóvember 2012, kl. 13:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Helgi Jóhannsson formaður, Aðalsteinn Arnarsson, Hildur Ösp Gylfadóttir, Guðni Brynjólfur Ásgeirsson, Björg Traustadóttir, Valgerður Ósk Einarsdóttir, Sigurður Valur Ásbjarnarson, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Inga Eiríksdóttir, fjármálastjóri.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

1 Fundargerð síðasta fundar

Þessum lið var frestað til næsta fundar.

2 Árleg kosning formanns

Árlega skal formaður skólanefndarinnar kosinn. Núverandi formaður Helgi Jóhannsson bauð sig fram og var hann samþykktur einróma.

3 Húsnæði og skólasamningsfundur

Skólameistari gerði grein fyrir fundi með starfsmönnum Menntamálaráðuneytis vegna skólasamnings og kynnti fundargerð hans.

4 Námsframboð og innritun fyrir næstu önn

Skólameistari gerði grein fyrir aðsókn að næstu önn. Reiknað er með 20 nýjum nemendum.

5 Starfs- og fjárhagsáætlun

Fjármálastjóri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu skólans og lagði fram drög að áætlun næsta árs. Fjárhagstaða skólans er góð

6 Samningur vegna björgunarnáms

Skólameistari kynnti samning milli skólans og Slysavarnafélagsins-Landsbjargar um kennslu í björgun sem veitir réttindi sem björgunarmaður 1. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með þennan samning.

7 Starfsmannamál

Verið er að auka starfshlutfall í íþróttum og útivist. Einn starfsmaður er á leið í 50% fæðingarorlof. Reiknað er með að ráða þurfi í hlutastarf inn á starfsbraut en annars eru engin breyting á starfsfólki.

8 Önnur mál

8.1 Strætóferðir milli Akureyrar og Siglufjarðar

Rætt var um áætlaðan strætóakstur en ljóst er að hann hentar ekki stundaskrá nemenda og kemur því ekki að notum fyrir nemendur og starfsmenn. Akstur er því áætlaður með sama sniði á vorönn og verið hefur á haustönn.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Inga Eiríksdóttir